Þingforseti Ráðherra, góðir þingfulltrúar.

Ég þakka fyrir boð á 71. haustþing Vestfirðinga og vek athygli á að það er vel til fundið að halda þessi þing á sama tíma og Norðurlandaþingið fer fram þannig að við þingmenn erum lausir og getum notið þess að koma og eiga með ykkur góða daga.

Mig langar í þessu stutta erindi að vera með vangaveltur um skattastefnu ríkisstjórnarinnar og áhrifin á Vestfirði. Við þurfum að ræða og hafa skoðun á því hvað stendur eftir hjá fólkinu, fyrirtækjunum og byggðarlögunum þegar ríkið hefur tekið „sinn“skerf.

Við eigum að halda þeirri spurningu á lofti: Hversu mikið getur ríkið tekið áður en það fer að veikja sjálfan grunninn að tekjuöflun samfélagsins?

Að mínu mati birtist ákveðin skattagræðgi í því þegar ríkisstjórn sér stöðugt ný tækifæri til að skattleggja fólk og fyrirtækki, en gefur minni gaum að því hvernig verðmætin verða til.

Sú stefna getur reynst Vestfjörðum dýr.

Ályktanir og tillögur sem liggja fyrir þessu þingi lýsa að mínu mati skýrri framtíðarsýn. Vestfirðingar vilja byggja upp atvinnulíf, fjölga íbúum og styrkja samfélögin. Þeir kalla eftir bættum samgöngum, auknu orkuöryggi, húsnæði og opinbera þjónustu sem geri þá framtíð mögulega. Í tillögunni „Stefnan er mörkuð“ er þessi hugsun sett í samhengi við sameiginlegt svæðisskipulag Vestfjarða til ársins 2050.

Þetta er mikilvægur útgangspunktur, heimamenn hafa mótað stefnu og ríkisvaldið þarf að taka mið af henni við allar ákvarðanir sem varða framtíð þessa svæðis.

Góðir þingfulltrúar.

Við eigum að gera kröfu um ábyrg ríkisfjármál. Hallarekstur til lengdar gengur ekki upp. Vaxtakostnaður ríkisins er greiddur af skattfé og takmarkar svigrúm til annarra verkefna.

Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir tæplega fimm milljarða króna afgangi í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Það er markmið sem á að taka alvarlega. En jafnframt verður að skoða hvernig á að ná því markmiði.

Við sem erum í stjórnarandstöðunni getum stutt markmið um jafnvægi í ríkisfjármálum en samt gagnrýnt leiðina sem valin hefur verið og bent á aðra valkosti, aðrar leiðir.

Ábyrgð ríkisstjórnar felst líka í því að fara vel með það fé sem hún hefur þegar fengið í hendur það felst ekki síst í að bæta rekstur, einfalda kerfi og velja milli verkefna með aukna verðmætasköpun í huga.

Skattahækkun er ekkert annað en pólitísk forgangsröðun. Með henni er ákveðið að heimili eða fyrirtæki hafi minna svigrúm svo ríkið hafi meira og það er að minu mati ekki skynsamleg leið.

Sú ákvörðun þarf rökstuðning í hvert einasta sinn sem ákveðið er að hækka skatta.

Það er ekki nóg að finna skattheimtunni göfugt heiti og gera síðan ráð fyrir að greiðslugeta fólks sé ótakmörkuð.

Við þurfum að spyrja um hvaða áhrif aukin skattheimta hefur á fyrirhugaðar ráðningar, næstu fjárfestingar og mögulega ákvörðun fjölskyldu um hvar hún velur sér búsetu.

Fiskurinn þarf jú að komast frá vinnslu á markað. Aðföng þurfa að berast til fyrirtækja og íbúa, Iðnaðarmenn þurfa að komast á verkstað. Íbúar þurfa að sækja vinnu, nám, viðskipti, afþreyingu og heilbrigðisþjónustu.

Þess vegna þarf að meta skattabreytingar út frá aðstæðum fólks. Sama gjaldskrá getur haft mjög ólík áhrif eftir því hvar fólk býr og hvaða valkosti það hefur.

Tökum kílómetragjaldið.

Frá ársbyrjun 2026 hefur það náð til allra ökutækja óháð orkugjafa. Við þá breytingu voru olíu- og bensíngjöld felld niður.

En nú liggur fyrir tillaga um frekari hækkun. Í lægsta þyngdarflokknum er lagt til að gjaldið fari úr 6,95 krónum í 8,05 krónur á kílómetra. Það er tæplega sextán prósenta hækkun á gjaldinu sjálfu.

Á sama tíma liggja hér fyrir kröfur um úrbætur á Strandavegi og framkvæmdir við Veiðileysuháls. Þær minna á að samgöngukostnaður snýst líka um ástand leiðanna og hvort hægt sé að treysta þeim allt árið.

Ríkið þarf að svara báðum hliðum þess máls. Hversu mikið hyggst það innheimta og hvaða samgöngur hyggst það tryggja?

Vestfirðingar eiga að geta séð samhengi milli þess sem þeir greiða og þeirra grunnskilyrða sem atvinnulífið og íbúar þurfa.

Góðir þingfulltrúar.

Ferðaþjónustan finnur sérstaklega fyrir því þegar margar íþyngjandi ákvarðanir leggjast saman.

Ferðamaðurinn kaupir pakkaferð til Íslands. Hann skoðar kostnað við flug, gistingu, bílaleigubíl, mat og afþreyingu. Við á Alþingi festumst oft í karpi um einstakar hækkanir missum sjónar á heildarmyndinni og að safnast þegar saman kemur.

Þegar sá reikningur hækkar getur fólk valið annað land, stytt ferðina, keypt minna eða sleppt hluta fyrirhugaðrar leiðar.

Við vitum ekki fyrir fram hversu mikil slík viðbrögð verða. Skynsamleg skattastefna verður þó að taka þau með í reikninginn.

Fyrir Vestfirði skiptir máli hvort ferðamaðurinn bætir nokkrum dögum við ferðina og heimsækir stærri hluta af Íslandi eða snýr fyrr heim eftir að hafa skoðað Höfuðborgina og tekið Gullna hringinn. Þarna hefur heildarkostnaður án efa mikil áhrif.

Auka dagar geta skilað gistingu, kvöldverði, leiðsögn og viðskiptum í verslun. Þeir geta bætt nýtingu hjá fyrirtæki sem þarf að afla stórs hluta árstekna sinna á afmörkuðum tíma.

Það er því varasamt að líta á erlenda ferðamenn sem óþrjótandi peningauppsprettu sem hægt er að bjóða hvað sem er í gjaldheimtu.

Ályktun um gjöld á hringsiglingaskip hittir beint í mark í þessari umræðu. Þar er lýst áhyggjum af fækkun í komum minni hringsiglinga- og leiðangursskipa og kallað eftir einfaldara regluverki og fyrirsjáanlegri gjaldtöku en nú er.

Sérstaklega er bent á að þessi skip komi til minni staða sem stærri skip heimsækja ekki. Þannig dreifist ávinningurinn til fleiri hafna og samfélaga. Þetta eru áhyggjur heimamanna sem stjórnvöld verða að taka alvarlega og leita lausna á þessum málum.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er jafnframt lagt til að aðgangseyrir að baðlónum og sambærilegri starfsemi færist úr ellefu prósenta virðisaukaskatti í tuttugu og fjögur prósent.

Hér er enn áberandi að ekki er nægur fyrirsjáanleiki í málum.

Fyrirtækin sem eiga í hlut hafa nokkra kosti, þau geta hækkað verðið, tekið breytinguna á sig eða farið blandaða leið. Allir kostirnir munu hafa neikvæð áhrif á reksturinn.

Þessar ákvarðanir þarf að kynna löngu áður en þær taka gildi, og á sérstaklega við fyrirtæki sem fjárfesta til margra ára og þurfa að verðleggja þjónustu sína jafnvel mörg ár fram í tímann.

Fyrirhugað náttúru- og innviðagjald bætist við þessa mynd en það verður ekki til umræðu hér nema með almennum hætti um neikvæð áhrif á orðspor landsins í ferðamennsku.

Áhyggjur mínar vegna Vestfjarða snúast hér um heildarkostnað Íslandsferðarinnar og skort á fyrirsjáanleika í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi.

Ferðaþjónustan þarf að geta treyst á að ekki verði rof á samgöngunum.

Ályktun þingsins um Baldur lýsir afleiðingum þess að ferjan var tekin úr notkuna á Breiðafirði, á háannatíma sumarsins. Þar er kallað eftir endurskoðun skilyrða um nýtingu hennar sem varaskips og tryggingu þjónustu við Flatey.

Sú krafa er skiljanleg. Fyrirtæki sem selur ferð þarf að geta treyst ferðaleiðinni. Heimili sem reiðir sig á ferju þarf að geta treyst þjónustunni.

Aukin gjaldtaka og ótryggar samgöngur geta saman þrengt mjög að rekstri. Ríkisstjórnin verður að horfast í augu við þá staðreynd.

Góðir þingfulltrúar.

Sjávarútvegurinn þarf sömu virðingu fyrir langtímahugsun.

Á Vestfjörðum er sjávarútvegur hluti af samfélaginu öllu. Umhverfis útgerð og fiskvinnslu starfa verktakar, verkstæði, flutningsaðilar og fjölmörg þjónustufyrirtæki.

Þegar rætt er um greiðslugetu greinarinnar þarf að horfa á þessa heild.

Með lögum frá júlí 2025 var útreikningi veiðigjalds breytt. Þar var meðal annars kveðið á um að fiskmarkaðsverð yrði notað við mat á aflaverðmæti þorsks og ýsu í reiknistofninum.

Það er eðlilegt að þjóðin fái hlutdeild í arði af nýtingu auðlinda sinna en útfærslan verður jafnframt að byggjast á traustum upplýsingum um afkomu og kostnað. Hún þarf að taka mið af ólíkri stöðu fyrirtækja og skilja eftir svigrúm til endurnýjunar.

Fyrirtæki sem fjárfestir í betri búnaði getur nýtt hráefni betur, skapað verðmætari störf og styrkt samkeppnisstöðu sína.

Þess vegna eigum við að spyrja um áhrif gjaldtökunnar á næstu fjárfestingu, næstu ráðningu og næsta verkefni.

Ríkissjóður hefur líka hagsmuni af því að fyrirtækin verði öflugri eftir fimm ár og tíu ár.

Sama hugsun á við um fiskeldið.

Í tillögunni um lagareldi er kallað eftir því að frumvarp verði lagt fram að nýju, lagaumgjörðin skýrð og gjaldtöku stillt í hóf. Þar er jafnframt lögð áhersla á að tekjur ríkisins skili sér til innviða í samfélögunum þar sem starfsemin fer fram og að tengd opinber þjónusta byggist þar upp.

Þetta tengir saman ábyrgð, fyrirsjáanleika og hagsmuni nærsamfélagsins.

Við þurfum ríkar umhverfiskröfur og öflugt eftirlit. Við þurfum líka skýrar reglur sem gera fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að skipuleggja framtíðina.

Óvissa kostar, hún getur frestað fjárfestingu löngu áður en nokkur nýr skattur hefur verið greiddur.

Hér liggur líka fyrir tillaga um endurskoðun hafnalaga. Þar er kallað eftir skýrum heimildum til gjaldtöku fyrir þjónustu og hafnarmannvirki sem fiskeldi nýtir, þar á meðal hjá þjónustuhöfnum.

Gjald fyrir skilgreinda þjónustu þarf trausta lagastoð, gagnsæjan gjaldstofn og að taka mið af kostnaði.

Sveitarfélög sem byggja upp og reka hafnir þurfa jú að geta staðið undir þeirri þjónustu sem höfnum er ætlað að sinna.

Það er ekki ásættanlegt að ríkið horfi á eigin tekjumöguleika en láti nærsamfélagið eitt glíma við innviði og aukna þjónustuþörf.

Góðir þingfulltrúar.

Atvinnuuppbygging kallar líka á orku.

Í ályktunum er lögð áhersla á Hvalárvirkjun, öruggara flutningskerfi og samhæfingu framkvæmda. Þá er sérstaklega kallað eftir áframhaldandi rannsóknum á jarðhita á Gálmaströnd. Þar er verið að kanna möguleika á lægri orkukostnaði og nýjum tækifærum, án þess að niðurstaða rannsóknanna sé gefin fyrir fram.

Þessi verkefni minna okkur á að ríkissjóður getur, ef vel er á málum haldið, stutt við og aukið getu samfélagsins til verðmætasköpunar.

Með traustum orkuinnviðum má skapa forsendur fyrir nýrri atvinnustarfsemi og fjölbreyttari störfum. Verðmætasköpunarhaustið munið þið!

Ég eftirlæt Maríu Rut formanni umhverfis og samgöngunefndar að fjalla um fjarskipti og samgöngur sem er verkefni á borði allra sveitarstjórnarfulltrúa og þingmanna.

Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði lækki úr þrjátíu og fimm prósentum í tuttugu prósent. Þetta er lækkun á endurgreiðslu skattsins af vinnuliðnum, ekki fimmtán prósenta hækkun alls byggingarkostnaðar.

Í ljósi væntinga um mikla uppbyggingu og verulega fólksfjölgun þá eru þetta ekki góðar fréttir og styður augljóslega ekki við markmið um fjölgun íbúða og eflingu atvinnulífs.

Atvinnuuppbygging og húsnæðismál verða að haldast í hendur. Það dugar lítið að kalla eftir starfsfólki ef viðunandi húsnæði er ekki aðgengilegt.

Þess vegna þarf að skoða þessa breytingu í samhengi við markmið um sterkari byggðir.

Og svo er það Loftbrúin.

Innviðaráðherra hefur ákveðið að frá næstu áramótum verði afslátturinn sjö þúsund krónur á fluglegg í stað fjörutíu prósenta af fargjaldi. Réttur til sex flugleggja helst óbreyttur.

Loftbrúarbreytingin er augljós skerðing á kjörum íbúa þeirra landshluta sem geta nýtt sér þetta úrræði. Fyrir vestfirsk heimili skiptir þó máli hvað það þarf að greiða þegar allt er talið.

Tillagan um flugsamgöngur sýnir jafnframt að verðið er aðeins hluti vandans. Þar er kallað eftir laugardagsflugi til Ísafjarðar og tveimur flugum á dag til Bíldudals að minnsta kosti tvo daga í viku, svo hægt sé að fara fram og til baka sama dag.

Óhentug flugáætlun getur kallað á gistingu og lengri fjarveru frá vinnu sem eykur enn á kostnað við að sækja þjónustu á höfuðborgarsvæðið

Það eru hóflegar væntingar um að ráðherra hætti við þessi áform og skoði málið betur.

Góðir þingfulltrúar.

Þarna blasir heildarmyndin við.

Hærra gjald fyrir aksturinn. Fyrirhugaðar álögur á ferðaþjónustu. Minni endurgreiðsla vegna húsnæðisframkvæmda. Minni stuðningur við dýrari flugferðir.

Hvert mál stendur eitt og sér en saman mynda þau veruleg aukin útgjöld hjá fyrirtækjum og heimilum.

Áherslurnar sem liggja fyrir þessu þingi eru því mikilvæg áminning til ríkisstjórnarinnar: Hún þarf að horfa á Vestfirði sem samfélag sem vill vaxa og hefur lagt fram tillögur um hvernig það geti gerst.

Ég vil að ríkisstjórnin leggi fram heildstætt mat á áhrifum aðgerðanna á landsbyggðina.

Hvað leggst á heimilin? Hvað leggst á lítil og meðalstór fyrirtæki? Hvað gerist þar sem fjarlægðir eru miklar og valkostir fáir?

Slíkt mat þarf að liggja fyrir áður en ákvarðanir eru endanlega teknar.

Við eigum jafnframt að krefjast raunverulegs aðhalds í ríkisrekstrinum. Ríkið þarf að sýna að það hafi skoðað eigin útgjöld af sömu festu og það skoðar mögulega skattheimtu hjá almenningi og fyrirtækjum.

Skattabreytingar þurfa hæfilegan aðlögunartíma. Samgöngur þurfa að styðja atvinnulíf og bæta aðgengi að þjónustu. Gjaldtaka þarf að vera gagnsæ og hófleg.

Og byggðastefna þarf að birtast í ákvörðunum ráðherra um skatta, húsnæði, orku og samgöngur.

Vestfirðir hafa mikið fram að færa. Þar eru auðlindir, þekking, dugnaður og sterkur vilji til uppbyggingar.

Verkefni stjórnvalda er að búa þessum kröftum skilyrði til að njóta sín.

Þegar fyrirtæki þrífst styrkist atvinnulífið. Þegar störfum fjölgar fá fleiri tækifæri. Þegar fólk getur sest að og byggt sér framtíð styrkjast sveitarfélögin og þjónustan.

Þannig verður til varanlegur tekjugrunnur fyrir sameiginleg verkefni.

Við eigum að mæla árangur ríkisstjórnar líka á þann mælikvarða.

Hversu mörgum varð auðveldara að fjárfesta? Hversu mörgum varð auðveldara að ráða fólk? Hversu mörgum varð auðveldara að halda heimili og framtíð á Vestfjörðum?

Þetta eru spurningarnar sem ég vil að ráði för.

Óhófleg skattheimta rýrir traust almennings og samfélags, þegar fólk sér ríkið taka meira og meira en sér ekki eða finnur umbætur á eigin skinni.

Ríkisstjórnin þarf að sýna meiri metnað fyrir hönd þeirra sem skapa verðmætin og greiða reikningana.

Vestfirðingar hafa markað sér stefnu og lagt fram verkefnin. Nú þarf ríkisvaldið að leggja sitt af mörkum og við þingmenn þurfum að fylgja þeim eftir í fjárlögum, lagasetningu og samskiptum við ráðherra.

Vestfirðingar eiga rétt á sanngirni þegar kemur að búsetuskilyrðum, traustum innviðum og raunhæfum möguleikum til vaxtar.

Það er fyrir þeirri stefnu sem við þingmenn og sveitarstjórnarfulltrúar eigum að berjast.

kærar þakkir fyrir mig.